

2025-2026



LAUFHEY SIF INGÓLFSDÓTTIR
FORSTÖÐUKONA JEMEN



Efnisyfirit

1.	Hagnýtar upplýsingar	3
2.	Félagsmiðstöðvadaatal	4
3.	Starfið í vetur	4
	Áherslur í starfi	4
	Valáfangar	5
	Verkefni sem stuðla að eflingu læsis	5
	Miðstigsstarf.....	5
	Samstarf við skólann.....	5
	Viðburðir í vetur	5
	Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar:	5
	Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva:.....	6
	Viðburðir í samvinnu við skólann:	6
4.	Hópastarf.....	6
	Sértækt hópastarf.....	6
	Félkó miðstöðin	7
	Hinsegin félagsmiðstöð.....	7
	Velkomin – verkefni fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.....	7
	Sumaropnun.....	7
5.	Barna- og unglingaráð	7
	Jemenráð.....	7
	Félkóraráð.....	8
	Ungmennaráð Kópavogs	8
6.	Foreldrasamstarf.....	8
7.	Verkefni og áherslur tengdar Menntastefnu Kópavogsbæjar	8
8.	Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva	9
	Móttaka nýrra starfsmanna	9
	Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun	9
	Viðbrögð við óviðeigandi hegðun og neyslu vímuefna.....	9
	Verkferlar í daglegu starfi.....	9
	Öryggisgátlisti.....	9



Gátlistar í sértæku hópastarfi.....	10
Handbók um starfið.....	10
Rýmingaráætlun	10
9. Ytra og innra mat.....	10
Ytra mat	10
Innra mat.....	10
10. Umbótaáætlun	11
Auka kynningu á starfsemi Jemen	11
Efla þátttöku og fjölbreytni í viðburðum	11
Styrkja samstarf við skóla og foreldra	11
Efla fagmennsku starfsfólks.....	11
11. Símenntunaráætlun.....	11
12. Fjöldatölur.....	12
13. Starfsfólk og starfsheiti	12
14. Annað sem varðar starfsemina	13
Almenn umsögn.....	Error! Bookmark not defined.
Samantekt	13



1. Hagnýtar upplýsingar

Heiti félagsmiðstöðvar: Jemen

Staðsetning: Lindaskóli, Núpaland 7, Kópavogur

Sími: 696-1625

Netfang: jemen@kopavogur.is

Forstöðukona: Laufey Sif Ingólfssdóttir

Aðstoðarforstöðukona: Hildur Jóhanna Kristjánsdóttir

Aðrir starfsmenn: Brynjar Hugl Karlsson Eriksen, Baltasar Breki Albertsson, Arnór Gauti Jónsson

Opnunartímar:

- Mánudagar og miðvikudagar: 17:00–18:30 og 19:30–22:00
- Föstudagar (annar hver): 20:00–22:45
- Einnig er opið í frímínútum og í hádegi og síðdegis samkvæmt viðveru starfsfólks. Vegna óviðráðanlegra aðstæðna (t.d. funda/námskeiða ofl) getur verið lokað á þessum tímum

Aðstaða:

Jemen er með skrifstofu og unglingaaðstöðu á efri hæð Lindaskóla. Á kvöldopnunum er einnig nýtt miðrymi, matsalur og kennslustofur í samráði við skólastjórnendur.

Markmið félagsmiðstöðvarinnar:

Að skapa öruggt, fjölbreytt og inngildandi umhverfi þar sem öll börn og ungmenni í Lindaskóla (5.–10. bekkur) geta notið frístundastarfs, félagslegra tengsla og tækifæra til þátttöku.



2. Félagsmiðstöðvadagatal

Félagsmiðstöðvadagatal 2025 - 2026												Félkó
AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ	
1. 1	1. 1	1. 1	1. 1	1. 1	1. 1	1. 1	1. 1	1. 1	1. 1	1. 1	1. 1	1. 1
2. 1	2. 1	2. 1	2. 1	2. 1	2. 1	2. 1	2. 1	2. 1	2. 1	2. 1	2. 1	2. 1
3. 1	3. 1	3. 1	3. 1	3. 1	3. 1	3. 1	3. 1	3. 1	3. 1	3. 1	3. 1	3. 1
4. 1	4. 1	4. 1	4. 1	4. 1	4. 1	4. 1	4. 1	4. 1	4. 1	4. 1	4. 1	4. 1
5. 1	5. 1	5. 1	5. 1	5. 1	5. 1	5. 1	5. 1	5. 1	5. 1	5. 1	5. 1	5. 1
6. 1	6. 1	6. 1	6. 1	6. 1	6. 1	6. 1	6. 1	6. 1	6. 1	6. 1	6. 1	6. 1
7. 1	7. 1	7. 1	7. 1	7. 1	7. 1	7. 1	7. 1	7. 1	7. 1	7. 1	7. 1	7. 1
8. 1	8. 1	8. 1	8. 1	8. 1	8. 1	8. 1	8. 1	8. 1	8. 1	8. 1	8. 1	8. 1
9. 1	9. 1	9. 1	9. 1	9. 1	9. 1	9. 1	9. 1	9. 1	9. 1	9. 1	9. 1	9. 1
10. 1	10. 1	10. 1	10. 1	10. 1	10. 1	10. 1	10. 1	10. 1	10. 1	10. 1	10. 1	10. 1
11. 1	11. 1	11. 1	11. 1	11. 1	11. 1	11. 1	11. 1	11. 1	11. 1	11. 1	11. 1	11. 1
12. 1	12. 1	12. 1	12. 1	12. 1	12. 1	12. 1	12. 1	12. 1	12. 1	12. 1	12. 1	12. 1
13. 1	13. 1	13. 1	13. 1	13. 1	13. 1	13. 1	13. 1	13. 1	13. 1	13. 1	13. 1	13. 1
14. 1	14. 1	14. 1	14. 1	14. 1	14. 1	14. 1	14. 1	14. 1	14. 1	14. 1	14. 1	14. 1
15. 1	15. 1	15. 1	15. 1	15. 1	15. 1	15. 1	15. 1	15. 1	15. 1	15. 1	15. 1	15. 1
16. 1	16. 1	16. 1	16. 1	16. 1	16. 1	16. 1	16. 1	16. 1	16. 1	16. 1	16. 1	16. 1
17. 1	17. 1	17. 1	17. 1	17. 1	17. 1	17. 1	17. 1	17. 1	17. 1	17. 1	17. 1	17. 1
18. 1	18. 1	18. 1	18. 1	18. 1	18. 1	18. 1	18. 1	18. 1	18. 1	18. 1	18. 1	18. 1
19. 1	19. 1	19. 1	19. 1	19. 1	19. 1	19. 1	19. 1	19. 1	19. 1	19. 1	19. 1	19. 1
20. 1	20. 1	20. 1	20. 1	20. 1	20. 1	20. 1	20. 1	20. 1	20. 1	20. 1	20. 1	20. 1
21. 1	21. 1	21. 1	21. 1	21. 1	21. 1	21. 1	21. 1	21. 1	21. 1	21. 1	21. 1	21. 1
22. 1	22. 1	22. 1	22. 1	22. 1	22. 1	22. 1	22. 1	22. 1	22. 1	22. 1	22. 1	22. 1
23. 1	23. 1	23. 1	23. 1	23. 1	23. 1	23. 1	23. 1	23. 1	23. 1	23. 1	23. 1	23. 1
24. 1	24. 1	24. 1	24. 1	24. 1	24. 1	24. 1	24. 1	24. 1	24. 1	24. 1	24. 1	24. 1
25. 1	25. 1	25. 1	25. 1	25. 1	25. 1	25. 1	25. 1	25. 1	25. 1	25. 1	25. 1	25. 1
26. 1	26. 1	26. 1	26. 1	26. 1	26. 1	26. 1	26. 1	26. 1	26. 1	26. 1	26. 1	26. 1
27. 1	27. 1	27. 1	27. 1	27. 1	27. 1	27. 1	27. 1	27. 1	27. 1	27. 1	27. 1	27. 1
28. 1	28. 1	28. 1	28. 1	28. 1	28. 1	28. 1	28. 1	28. 1	28. 1	28. 1	28. 1	28. 1
29. 1	29. 1	29. 1	29. 1	29. 1	29. 1	29. 1	29. 1	29. 1	29. 1	29. 1	29. 1	29. 1
30. 1	30. 1	30. 1	30. 1	30. 1	30. 1	30. 1	30. 1	30. 1	30. 1	30. 1	30. 1	30. 1
31. 1	31. 1	31. 1	31. 1	31. 1	31. 1	31. 1	31. 1	31. 1	31. 1	31. 1	31. 1	31. 1

Fóstudagsopnir eru annan hvern föstudag - með fyrirvara um breytingar
Blár - Félkó viðburðir. Appelsínugulur - Samfés viðburðir. Dökkgrænn - vetrarfrí. Fjölublár - fóstudagsopnir. Ljósgrænn - fridagar í skólum. Rauður - fundir.

Á félagsmiðstöðvadagatalinu má finna helstu dagsetningar fyrir árið – fræðslur, fundi, viðburði og sameiginlega viðburði Félkó.

Forstöðumenn félagsmiðstöðva funda aðra hverja viku með deildar- og verkefnastjóra frístundadeildar.

Mánaðarlega eru stórfundir með forstöðumönnum, aðstoðarforstöðumönnum ásamt deildar- og verkefnastjóra frístundadeildar.

Aðstoðarforstöðumenn eiga einnig mánaðarlega fundi, sem tryggir góða upplýsingamiðlun og samræmingu á milli starfsstöðva.

3. Starfið í vetur

Áherslur í starfi

Á starfsárinu 2025–2026 verður megináhersla lögð á að skapa **öruggt, opið og inngildandi umhverfi** þar sem öll ungmenni finna sig velkomin.

Sérstök áhersla verður á **fræðslu um fjölbreytileika og hinsegin málefni**, þar sem hatusorðræða og fordómar hafa víða orðið áhrifapáttur í skólaumhverfi.

Við í Jemen leggjum áherslu á virðingu, þátttöku, samkennd og að ungmenni fái frelsi til að vera þau sjálf.

Starfið byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstaka áherslu á greinar nr. 2, 3, 6, 12 og 42 (Barnasáttmálinn) og greinar nr. 3, 4 5 12 og 16 (Heimsmarkmiðin).



Valáfangar

Jemen sér um tvo valáfanga í samstarfi við Lindaskóla:

1. **Árshátíðarmyndbandsval** – þar sem nemendur taka virkan þátt í gerð árshátíðarmyndbandsins undir handleiðslu starfsmanna Jemen.
2. **Stíls-val** – handleiðsla í hönnun fyrir hönnunarkeppnina *Stíl*.

Verkefni sem stuðla að eflingu læsis

Í Jemen erum við með ýmis verkefni sem styrkja læsi óformlega, meðal annars:

- heimanámsaðstoð, einkum fyrir ÍSAT-nemendur.
- aðstaða fyrir lestur og lærdóm fyrir próftíma.
- spurningakeppnir og spilakvöld sem efla orðaforða og samvinnu.

Miðstigsstarf

Fyrir 5.–7. bekk eru vikulegar opnanir (Jemen Junior).

- Miðvikudagar: vikulegt starf, skipting á milli 5.–6. og 7. Bekkjar.
- Sérstakir viðburðir eins og Halloween ball og smíðjur sem unnar eru í samvinnu við fjáröflunarnefnd 10.bekkjar.
- Tilraunaverkefni í samstarfi við frístund þar sem 4. bekkur kemur aðra hverja viku eftir skóla á mánudögum ásamt starfsmanni frístundar.

Samstarf við skólann

Samskipti við Lindaskóla eru góð og hafa batnað ár frá ári.

- Deildarstjóri unglingastigs og starfsfólk Jemen vinna saman að málum sem varða nemendur og funda reglulega og þegar þörf krefur.
- Upplýsingar um starf Jemen eru sýnilegar á upplýsingaskjá skólans þar sem viku dagskrá félagsmiðstöðvarinnar er birt.
- Jemen og Lindaskóli eru réttindaskóli UNICEF, og unnið er áfram með innleiðingu Heimsmarkmiðanna og barnasáttmálans í skólastarfinu sem og félagsmiðstöðinni.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar: Félagsmiðstöðin mun bjóða upp á fjölbreytta dagskrá yfir veturinn þar sem lögð verður áhersla á virkni, sköpun og samveru. Í boði verða reglulegir viðburðir eins og kvöldopnanir með þemum, tónlistar- og



spilakvöld, listsmíðjur og íþróttatengt starf. Auk þess verða sérstakir viðburðir á borð við hæfileikakvöld, kvikmyndakvöld og kökukeppni. Markmiðið er að skapa jákvætt og öruggt rými þar sem ungmenni geta tekið þátt, haft áhrif og eftir félagsfærni sína.

Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðva: Áhersla verður lögð á samstarf við aðrar félagsmiðstöðvar í sveitarfélaginu í gegnum FÉLKÓ. Á meðal stærri sameiginlegra viðburða eru árleg unglingaböll, þemakvöld og viðburðir á borð við íþróttamót, söngkeppni, spurningakeppni, keppnir milli miðstöðva og sameiginlegar ferðir. Slíkt samstarf stuðlar að aukinni samkennd og tengslamyndun milli ungmenna úr ólíkum hverfum og styrkir tengsl starfsfólks félagsmiðstöðva.

Viðburðir í samvinnu við skólann: Félagsmiðstöðin vinnur náið með grunnskólanum að fjölbreyttum verkefnum sem styðja við félagsfærni, vellíðan og þátttöku nemenda. Dæmi um slíkt eru kynningar á starfi félagsmiðstöðvarinnar, viðburðir tengdir forvarnaviku, samráð um líðan nemenda og sameiginlegar hátíðir eins og Jólabball skólans, árshátíð eða þemadagar. Einnig verður unnið að því að efla tengsl milli félagsmiðstöðvarráðs og nemendafélags skólans til að styðja við frumkvæði og virkni ungmenna.

4. Hópastarf

Hópastarf Jemen byggir á **grunnildum Barnasáttmálans** (2., 3., 6., 12. og 42. gr.) og **Heimsmarkmiðunum** 3, 4, 5, 12 og 16.

Markmiðið er að styrkja sjálfstraust, félagsfærni og þátttöku ungmenna með fjölbreyttum leiðum.

Sértækt hópastarf

Hópastarf býður upp á tækifæri til djúprar tengingar milli starfsmanna og unglunga. Það felur í sér markvissa vinnu með minni hópum þar sem lögð er áhersla á:

- sjálfsmynd og samskipti,
- félagslega eflingu,
- mörk og virðingu,
- og fræðslu um líðan og ábyrgð.

Sértækt hópastarf 2025–2026 felur í sér samstarf við skólann, meðal annars **strákahóp** með áherslu á samskipti, mörk og jákvæða sjálfsmynd.



Félkó miðstöðin

Félkó miðstöðin er sameiginleg miðlæg félagsmiðstöð allra nýu félagsmiðstöðva Kópavogs.

Hún býður upp á tækifæri til samstarfs, tækjavinnu og skapandi smíðjur.

Starfsemi hennar er nú í biðstöðu vegna húsnæðisvanda, en Jemen hlakkar til að taka virkan þátt í að þróa nýja framtíðarsýn miðstöðvarinnar.

Hinsegin félagsmiðstöð

Hinsegin félagsmiðstöðin hefur til þessa starfað annan hvern fimmtudag í Félkó miðstöðinni en er nú í leit að nýju húsnæði fyrir verkefnið.

Nokkur ungmenni frá Jemen hafa til þessa sótt starfið en lögð verður áhersla á að kynna það betur þegar starfið fer aftur að rúlla, til að tryggja að öll sem vilja upplifi öryggi og stuðning í sinni sjálfsmynd fá tækifæri til.

Velkomin – verkefni fyrir börn með annað móðurmál en íslensku

Velkomin er samstarfsverkefni grunn- og frístundadeilda Kópavogs sem hefur það markmið að kynna nýjum börnum fyrir bæjarfélaginu og stuðla að inngildingu.

Ungmenni úr Jemen hafa tekið þátt í starfinu yfir sumartímann, þar sem áhersla er lögð á jákvæða upplifun, þátttöku og félagslega tengslamyndun. Velkomin hefur verið til húsa í Félkó miðstöðinni en er nú í leit að tímabundnu húsnæði fyrir starfið. Verið er að skoða að Jemen hýsi starfið þetta árið.

Sumaropnun

Á sumrin heldur Jemen úti bæði dag- og kvöldopnunum auk smíðjustarfa og samstarfs við vinnuskólann í formi sértæks hóps.

Starfið snýst um virkni, útivist og félagslega þátttöku.

Unglingar fá einnig tækifæri til að starfa í Jemen sem hluti af sumarvinnu sinni, sem styrkir ábyrgð og sjálfstæði þeirra.

5. Barna- og unglingaráð

Jemenráð

Í Jemenráði sitja átta unglingar úr 8.–10. bekk.

Ráðið kemur reglulega saman, tekur þátt í dagskrárgerð, viðburðum og sinna upplýsingagjöf til samnemenda.

Jemenráð er vettvangur lýðræðislegrar þátttöku þar sem unglingar fá að hafa áhrif á eigið frístundastarf.

Fimm fulltrúar Jemenráðsins sækja Landsmót Samfés ár hvert.



Félkóraráð

Í Félkóraráði sitja tveir fulltrúar frá hverri félagsmiðstöð Kópavogs. Þau skipuleggja sameiginlega viðburði, ákveða þemu og stuðla að samvinnu milli starfsstöðva. Fulltrúar Jemen í félkóraráði sitja einnig í Jemen ráði

Ungmennaráð Kópavogs

Andrea Marý Torfadóttir er fulltrúi Jemen og Lindaskóla í Ungmennaráði Kópavogs. Ráðið veitir ungmennum vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif á stefnumótun sveitarfélagsins í málefnum barna og ungmenna.

6. Foreldrasamstarf

Gott samstarf við foreldra er forsenda árangursríks starfs. Forstöðumaður og starfsfólk Jemen leggja áherslu á reglulega og gagnsæja upplýsingamiðlun:

- Mánaðarleg dagskrá er send til foreldra miðstigs og unglingastigs.
- Upplýsingar eru sendar í gegnum Mentor og er svo öll dagskráin birt inná Abler.
- Reglulegir tölvupóstar með fréttum og tilkynningum eru sendar þegar fer að líða að stærri viðburðum.
- Kynning hefur verið undanfarin ár starfinu á foreldrakynningum og höfum við fundað með foreldrafélagi skólans.

Markmið er að byggja upp gagnkvæmt traust og sameiginlega ábyrgð á velferð ungmenna.

7. Verkefni og áherslur tengdar Menntastefnu Kópavogsbæjar

Starfið í Jemen styður við markmið Menntastefnu Kópavogs með því að:

- efla lýðræðislega þátttöku barna,
- tryggja jöfnuð og inngildingu,
- stuðla að vellíðan og virðingu,
- og skapa tækifæri til skapandi náms og frístundar.

Starfið er unnið í nánú samstarfi við Lindaskóla, foreldra og frístundadeild, og byggir á meginhugmyndum um **samfellu milli skóla og frístundar**.



8. Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva

Þessi kafli byggir á verkferlum frístundadeildar Kópavogs og inniheldur leiðbeiningar, verklag og öryggisatriði sem gilda fyrir allt starf Jemen.

Móttaka nýrra starfsmanna

Við móttöku nýrra starfsmanna er farið yfir starfslýsingu, húsnæði, ábyrgðarsvið, verkferla og starfsmannahandbók frístundadeildar.

Markmið er að tryggja öryggi, fagmennsku og samræmda vinnubrögð frá fyrsta degi.

Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun

Ef grunur vaknar um að barn eða unglingur verði fyrir ofbeldi, vanrækslu eða sýni áhættuhegðun, skal starfsmaður tafarlaust hafa samband við forstöðumann, sem metur næstu skref í samræmi við verklag Kópavogsbæjar og tilkynningarskyldu til barnaverndar.

Allar slíkar aðstæður eru skráðar trúnaðarmál.

Viðbrögð við óviðeigandi hegðun og neyslu vímuefna

Starfsfólk fylgir leiðbeiningum frístundadeildar um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, tóbaks- eða vímuefnaneyslu.

Meginmarkmið er að tryggja velferð ungmenna og viðhalda öryggi í starfi.

Viðbrögð byggjast á samtali, stuðningi og ábyrgð.

Verkferlar í daglegu starfi

Félagsmiðstöðin fylgir verkferlum sem ná m.a. til:

- undirbúnings og framkvæmdar viðburða,
- ferða (innanbæjar og utan),
- útivakta og eftirlits,
- samskipta við foreldra,
- atvikaskráninga og viðbragða við slysum eða hegðunarfrávikum.

Þessir verkferlar eru hluti af **Verkferlahandbók frístundadeildar** sem starfsmönnum er kynnt árlega.

Öryggisgátlisti

Í upphafi starfsárs fer fram yfirferð á öryggisgátlista sem tryggir að allur búnaður, neyðarútbúnaður og aðgengi sé í lagi.

Gátlistinn er endurskoðaður reglulega í samvinnu við Lindaskóla.



Gátlistar í sértæku hópastarfi

Sértækt hópastarf fylgir sérstökum gátlistum sem tryggja skipulag, markmiðasetningu og eftirfylgni.

Viðbótargátlisti um hinsegin málefni og móttöku barna með annað móðurmál en íslensku er í þróun.

Handbók um starfið

Starfsmannahandbók frístundadeildar er leiðarvísir fyrir allt starf og inniheldur stefnu, verklag og ábyrgðarsvið.

Hún er kynnt öllum starfsmönnum í upphafi starfsárs.

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun Jemen er unnin í samstarfi við Lindaskóla.

Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum og ber ábyrgð á að starfsmenn þekki sín hlutverk ef til neyðartilfella kemur.

9. Ytra og innra mat

Ytra mat

Til að tryggja gæði og þróun starfsins leggur Jemen reglulega fyrir þjónustu- og viðhorfस्कannanir til foreldra og unglunga.

Kannanir meta m.a.:

- ánægju með starf félagsmiðstöðvarinnar,
- öryggis- og trausttengsl,
- fjölbreytileika í dagskrá,
- og upplifun af starfsfólki og umhverfi.

Ákveðið var að prófa að senda hana út í Nóvember þetta árið og því erum við ekki komin með niðurstöður til að byggja á hér.

Innra mat

Innra mat byggir á:

- samtölum forstöðumanns við starfsfólk
- fundum og ígrundunum eftir vaktir
- nemendaráðsfundum og óformlegu samtali við unglunga
- og greiningu á mætingartölum og virkni í starfi.



Fjöldatölur nýtast til að greina hvar virknin er mest og hvar mætti bæta við úrræði eða áherslur.

Á síðasta skólaári var mæting sérstaklega góð í 8. og 9. bekk en minni í 10. Bekk sem speglar einnig mætingu árið áður þar sem þau mættu ekki vel það árið heldur.

10. Umbótaáætlun

Byggt á niðurstöðum innra mats hefur Jemen mótað eftirfarandi umbótaáætlun fyrir starfsárið 2025–2026:

Auka kynningu á starfsemi Jemen

- Halda opið kynningarkvöld fyrir foreldra og nemendur Lindaskóla 13.október 2025.
- Vera sýnilegri á göngum skólanna á skólatíma.

Efla þátttöku og fjölbreytni í viðburðum

- Þróa dagskrá með Jemenráði til að höfða til ólíkra áhugasviða.
- Innleiða nýjar smiðjur og verkefni sem tengjast umhverfis- og lýðheilsuáttum og umræðu meðal ungmennanna.

Styrkja samstarf við skóla og foreldra

- Halda regluleg samskipti við deildarstjóra og kennara.
- Sitja fundi með foreldrafélagi til að styrkja foreldra samstarf.
- Deila árangri og ársskýrslum með foreldrafélagi.

Efla fagmennsku starfsfólks

- Tryggja símenntun og reglulega endurmenntun í lykilatriðum starfsins, t.d. aðferðum jákvæðra samskipta, barnaverndarmálum og hópafræðum.
- Fara vel yfir með nýju starfsfólki hvernig við högum umræðum við ungmennin og hvernig best er að setja mörk í samskiptum

11. Símenntunaráætlun

Símenntun starfsfólks Jemen felur í sér:

- Þátttöku í **fræðsludögum Samfés** og fyrirlestrum tengdum frístundastarfi.
- Reglulegar **fræðslur frístundadeildar Kópavogs**, þar sem fjallað er meðal annars um lýðræði, réttindi barna, fjölmenningu og faglega samskiptatækni.



- Þátttöku í **UNICEF-fræðslu um réttindaskóla**, sem nýttist í samstarfi við Lindaskóla.
- Innanhússhittinga og handleiðslufundi þar sem starfsfólk rýnir í eigið starf og deilir reynslu.

Áhersla er lögð á að öll fræðsla hafi **bein tengsl við daglegt starf** og styrki fagleg vinnubrögð, öryggi og vellíðan starfsfólks og ungmenna.

12. Fjöldatölur

Haust 2024

Vor 2025

Mánuður	Fjöldi gesta	Mánuður	Fjöldi gesta
Ágúst	209	Janúar	901
September	917	Febrúar	793
Október	803	Mars	821
Nóvember	987	Apríl	871
Desember	698	Maí	796
		Júní	413
		Júlí	203

Þessar tölur gefa góða mynd af aðsókn og mætingu yfir árið og nýtast við innra mat og skipulag starfsins.

13. Starfsfólk og starfsheiti

Nafn	Hlutverk	Hlutfall
Laufey Sif Ingólfssdóttir	Forstöðukona	100%
Hildur Jóhanna Kristjánsdóttir	Aðstoðarforstöðukona	80%
Brynjar Hugi Karlsson Eriksen	Frístundaleiðbeinandi	39%



Nafn	Hlutverk	Hlutfall
Baltasar Breki Albertsson	Frístundaleiðbeinandi	39%
Arnór Gauti Jónsson	Tímavinnustarfsmaður / afleysingar -	

14. Annað sem varðar starfsemina

- Mikil áhersla er á samvinnu við önnur frístundateymi, Félkó og Samfés.
- Starfsmannafundir eru haldnir annan hvern föstudag þar sem dagskrá, áskoranir og hugmyndir eru ræddar.
- Félagsmiðstöðin tekur virkan þátt í forvarnarvikum, íþróttavikum og skapandi viðburðum á vegum Félkó.
- Allt starf Jemen miðar að því að efla sjálfstæði, samkennd og samfélagslega ábyrgð ungmenna.

Samantekt

Þessi starfsáætlun byggir á faglegum áherslum frístundadeildar Kópavogs og markmiðum Menntastefnu bæjarins.

Hún endurspeglar vinnu Jemen við að bjóða börnum og unglingum öruggt, skapandi og inngildandi umhverfi þar sem þau fá tækifæri til að þroskast, læra og hafa áhrif.